
Reglur vegna útgáfu rekstrarleyfa fyrir starfsemi í íbúðarbyggð í Eyjafjarðarsveit.

Markmið þessara reglna er að marka verklag og setja viðmið um afgreiðslu umsagna til sýslumanns um atvinnustarfsemi á svæðum sem í skipulagsáætlunum eru skilgreind sem svæði fyrir íbúðabyggð. Með reglunum birtast áherslur sveitarstjórnar um hvernig skuli fjalla um mál þegar beiðni berst frá sýslumanni um umsögn um rekstrarleyfi á grundvelli laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

1. gr.

Starfsemi sem til þarf rekstrarleyfi samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er óheimil á svæðum sem skilgreind eru sem íbúðabyggð í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins sem settar eru samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

2. gr.

Í umsögn sem sýslumaður biður um á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir gististarfsemi eða aðra rekstrarleyfisskylda starfsemi samkvæmt lögunum sem fyrirhuguð er á svæði, sem í skipulagsáætlun er skilgreint fyrir íbúðarbyggð, skal sveitarstjórn mæla gegn útgáfu nýs rekstrarleyfis, nema skipulagsskilmálar heimili sérstaklega tilgreinda starfsemi á íbúðarsvæðinu. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um hverja umsagnarbeiðni sem berst með rökstuddum hætti í samræmi við stjórnarsýslulög og aðrar stjórnarsýslureglur.

Sveitarstjóri, skrifstofustjóri og skipulagsfulltrúi hafa hver fyrir sig heimild til að svara umsagnarbeiðni Sýslumanns fyrir hönd sveitarstjórnar án sérstakrar umfjöllunar sveitarstjórnar þar sem ekki er sérstaklega getið um undanþágu í deiliskipulagi viðkomandi íbúðarsvæðis enda byggi sú umsögn á reglum þessum. Kynna skal slíka umsögn á næsta fundi sveitarstjórnar.

3. gr.

Verði jákvæð umsögn veitt með skilyrðum, skal vekja athygli sýslumanns á þeim skilyrðum og skulu þau koma fram í rekstrarleyfi.

4. gr.

Vinnureglur þessar taka gildi þegar í stað og gilda um beiðnir um rekstrarleyfi sem berast leyfisveitanda eftir gildistöku reglnanna.

Þannig samþykkt á 643. fundi sveitarstjórnar, dags. 21. nóvember 2024.